

424. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 11. mars 2021 og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Hafðís Gunnarsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Steinunn Guðný Einarsdóttir, Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Magnús Þór Bjarnason.

Embættismenn:

Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Helga Björk Jóhannsdóttir áheyrnafulltrúi leikskólanna mætti á fundinn

Dagskrá:

1. Verkefnalisti fræðslunefndar 2020-2021 - 2020090032

Kynntur verkefnalisti fræðslunefndar og farið yfir gang mála á honum.

Gerð var grein fyrir hver staðan væri á þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.

2. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2021 - 2021010023

Á 1143. fundi bæjarráðs þann 1. mars 2021 var lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald, f.h. nefndasviðs Alþingis, dags. 23. febrúar 2021, þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (kristinfræðikennsla). 141. mál. Umsagnarfrestur er til 9. mars. Bæjarráð vísaði erindinu til fræðslunefndar.

Lagt fram til kynningar.

3. Þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi - 2021030021

Lagt fram til kynningar þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi í samstarfi við Ásthildi Bj. Snorradóttur. Menntamálastofnun fór af stað með verkefnið haustið 2018. Ísafjarðarbær sótti um að vera með þá, en fékk höfnun. Nú er leikskólum Ísafjarðar boðið að taka þátt í verkefninu. Verkefnið er okkur að kostnaðarlausu og hefst samstarf okkar væntanlega nú á vormánuðum.

Fræðslunefnd fagnar samstarfinu.

4. Könnun meðal foreldra á sumarlokunum leikskólana Sólborgar og Eyrarskjóls 2022 - 2021030022

Lagðar fram niðurstöður úr könnun sem óskað var eftir af fræðslunefnd á vinnufundi hennar í maí 2020.

Fræðslunefnd samþykkir að sumarlokanir leikskólanna Eyrarskjóls og Sólborgar

verði 4.júlí - 2. ágúst 2022 og 17. júlí - 14. ágúst 2023 og rúlli síðan þannig annað hvert ár.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:00

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Kristján Þór Kristjánsson

Jónas Þór Birgisson

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Magnús Þór Bjarnason

Guðrún Birgisdóttir